

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 130. fundur 23. júní 2011, kl 11:00.

Mætt: Elliði Vignisson formaður, Ólafur Elísson, Sveinn Magnússon, Íris Róbertsdóttir, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

- 1. Skólastarfið:** Skólameistari fór yfir það helsta frá síðasta fundi sem var í lok mars: Páskaleyfi var 16. – 26. apríl og próf stóðu yfir frá 4. maí til 18. maí. Skolaslit voru laugardaginn 21. maí. Útskrifaðir nemendur voru 19 talsins. Stúdentar voru 14, einn nemandi var útskrifaður af starfsbraut eftir fjögurra ára nám. Þrír vélstjórar með B-rettindi og einn húsasmiður. Í júní voru svo 9 smábátamen útskrifaðir með vélstjórnar-rettindi á báta allt að 12 metrum.
Nemendur við upphaf vorannar voru 277, en 246 tóku próf í lok annar, þannig að brottfall varð 11%, sem er of mikið. Fjölmennstu brautir eru félagsfræðibraut með um 90 nemendur, náttúrufræðibraut með rúmlega 60, almenn braut með 30 og í vélstjórnarnámi voru um 20. Íþróttakademía var í boði í fyrsta sinn á þessari önn, en hún er samstarfsverkefni FÍV og ÍBV. Af þeim tæplega 40 sem völdu akademíuna náðu 31 að klára áfangann. Ákveðið er halda áfram með verkefnið og ræddu fundarmenn um gistið oguleika ofl sem tengist akademíunni. Í apríl var haldinn skólaufundur með öllum starfsmönnum skólans og öllum nemendum, ásamt nokkrum völdum gestum. Viðfangsefnin voru busavígsla og félagslíf nemenda. Fundurinn tókst mjög vel og sýndi frammá að full þörf er að hafa nemendur með í ráðum oftar en gert hefur verið. Skólinn hefur fengið aðild að verkefninu “Heilsueflandi framhaldsskóli”, þar sem markmiðin eru að stuðla betur að velferð og heilsu nemenda og starfsfólks. Á önninni tóku starfsmenn FÍV í fyrsta skipti þátt í könnun um stofnun ársins og kom skólinn vel út úr könnunni með heildareinkunn 4,03 (af 5 mögulegum).
- 2. Ráðningar kennara: Gísli Eiríks, Þorbjörn Númason og Guðný Bjarnad.** Sækja um endurráðningu. Aðrir sem sóttu um störf voru:
Brynjar Kristjánsson: Sækir um málmsuðu. Menntun: Sveinspróf í stálskipasmíði og meistarapróf í framreiðslu. Hefur leyfisbréf í framreiðslu.
Hörður Baldvinsson: Sækir um almennt. Menntun: Sveins- og meistarapróf í vélvirkjun, diplomapróf í markaðs og útflutningsfræðum. Uppeldis og kennslufræði.
Elín Jóhannsdóttir: Sækir um stærðfræði eða raungreinar. Menntun: Grunnskóla-kennari ásamt skrifstofu og tölvunám (NTV). Er í meistararanámi í stærðfræði (til að ná kennsluréttindum í framhaldsskóla).
Radinka Hadzic: Sækir um líffræði og efnafræði. Menntun: BS-próf í lífefnafræði frá HÍ, doktorspróf (PhD) frá Háskólanum í Lundí
Hrefna Jónsdóttir: Sækir um líffræði: Menntun: BA-próf í þroskaþjálfun og 30 eininga Diplómupróf í uppeldis og menntunarfræðum með áherslu á sérkennslufræði.
Samþykkt var að ráða Gísla, Þorbjörn, Guðnýju og Radinku Hadzic.

Fleira var ekki gert.

Ólafur H. Sigurjónsson

Samþykkt
20/2012. OHS.